

**SKATTSTJÓRINN Í  
REYKJANESUMDÆMI**

Hafnarfirði, 31. október 2001.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/15*  
*komudagur 1.11.2001*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 16. október sl., var óskað eftir umsögn minni um frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og fleiri lögum (114. mál).

Umfjöllun mín tekur fyrst og fremst mið af því hvernig frumvarpið horfir við með tilliti til skattframkvæmdar. Skiptist hún í þrennt; verðbólgu-reikningsskil, lækkun skattprósentu/reiknað endurgjald og yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.

**Verðbólgu-reikningsskil.**

Ljóst er að afnám verðbólgu-reikningsskila einfaldar framtalsgerð og yfirferð skattframtala því reglum sem starfsmenn þurfa að kunna skil á fækkar. Breytingin er því jákvæð fyrir skattframkvæmd. Vegna tölvuvæðingar verður vinnusparnaður þó ekki umtalsverður. Þessu fylgir hins vegar að verðhækkun eigna launamanna skattleggst við sölu þó að sú hækkun endurspegli einungis hækkun vísitölu neysluverðs. Ef sumarbústaður yrði keyptur á næsta ári á kr. 5.000.000 og seldur 20 árum síðar á kr. 7.450.000 kæmi allur mismunurinn til skattlagningar miðað við 2% verðbólgu að jafnaði á ári. Ef verðbólgan yrði hins vegar 4% og sumarbústaðurinn seldist 20 árum síðar á kr. 10.950.000 kæmu kr. 5.950.000 til skattlagningar þó að enginn raunhagnaður hafi átt sér stað. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að þetta er í samræmi við skattlagningu annarra fjármagnstekna í dag og felur því í sér samræmingu á því hvernig skattstofn þeirra er ákvarðaður.

**Lækkun skattprósentu/reiknað endurgjald.**

Þeim mismun tekna og gjalda í einstaklingsrekstri sem myndar stofn til álagningar tekjuskatts og útsvars er skipt í reiknað endurgjald og hreinan hagnað. Margir sýna þó einungis reiknað endurgjald þegar téður mismunur dugir aðeins fyrir vinnuframlagi rekstraradilans. Ef skoðaðar eru upplýsingar úr skattframtölum er ljóst að skattaleg meðferð þessara tekna ræður verulegu um það hvernig framteljendur haga skiptingu þeirra. Við álagningu 1985-1987 var hreinn hagnaður sem hlutfall af reiknuðu endurgjaldi um 16%. Þessi ár var almennt ávinningur af því að reiknaða endurgjaldið væri sem hæst á kostnað hagnaðarins vegna 10% frádráttarreglu launa. Við álagningu 1998 vegna "skattlausa" ársins jókst ávinningurinn af því að hafa sem minnstan hagnað á kostnað reiknaða endurgjaldsins og datt hann þá niður í 10.68% af endurgjaldinu. Við álagningu 1989 er 10% frádráttarreglan ekki lengur í gildi og vegna tryggingagjaldsins, sem leggst á reiknað endurgjald en ekki

hagnað, er gjaldendum nú hagstæðara að auka hagnaðinn á kostnað endurgjaldsins. Það sagði strax til sín við fyrstu framtalsgerð þar sem hlutfall hagnaðar af reiknuðu endurgjaldi fór í 28.77% og við álagningu 1990 í 33.16%. Við síðustu álagningu var þetta hlutfall svo komið í 58.47%. Hér ber að hafa í huga að efnisreglur um það hvernig reikna bar endurgjaldið breyttust ekki heldur einungis álagningarreglur. Þetta sýnir hversu varhugavert það er að láta mjög matskenndar ákvarðanir sem eru í höndum framteljanda, og skattyfirvöld eiga erfitt með að sannreyna, ráða miklu um skattbyrði hans.

Með lækkun skatthlutfalls tekjuskatts hlutafélaga mun tilhneiging til að færa einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélag aukast til muna. Menn munu leitast við að koma þessum "hagnaði", sem við síðustu álagningu var rúmí 10 milljarðar, úr 37.79% skatti (44.79% með hátekjuskatti) í 18% með því að stofna einkahlutafélag um rekstur sinn. Og miðað við þá þróun sem rakin var hér að framan - og var þó eftir miklu minna að slægjast en nú gæti orðið - má ætla að tilhneiging verði til þess að auka enn meir hagnaðarþáttinn á kostnað launa frá einkahlutafélaginu. Hætt er því við að fyrirhuguð lækkun skattprósentu lögaðila skapi ójöfnuð þegar hluti framteljanda hefur það að vissu marki í hendi sér hvað af tekjum þeirra teljist laun.

Margvíslegir erfiðleikar eru samfara því að véfengja reiknað endurgjald, bæði efnislegir og réttarfarslegir. Viðmiðunarlaun ríkisskattstjóra varðandi reiknað endurgjald taka mið af vinnuframlagi fyrir dagvinnu. Oftast er erfitt fyrir skattyfirvöld að sýna fram á að vinnuframlagið sé umfram dagvinnu þó slíkt sé í raun tilfellið. Sama getur átt við þegar menn halda því fram að teknanna sé aflað án þess að fullur vinnudagur búi að baki. Jafnvel með umfangsmikilli vinnu getur reynst erfitt að leiða hið rétta í ljós. Hvað varðar laun frá einkahlutafélögum þá myndi véfenging framtalsgerðar beinast að tveimur skattaðilum og til að flækja málið enn frekar geta þeir átt lögheimili hvor í sínu skattumdæmi. Málsmeðferðin er snúin og tímafrek; rannsóknarskyldan, boðun ákvörðunar með andmælafresti og loks ákvörðun sem er kæránleg til skattstjóra ef málið er unnið fyrir álagningu en annars beint til yfirskattanefndar ef málið er unnið eftir álagningu. Og í raun er tóm mál að tala um úrvinnslu fyrir álagningu þar sem rekstrarútkoma einkahlutafélagsins sést ekki fyrir en álagningu á einstaklinga er lokið. Öll véfenging þess að einkahlutafélög greiddu "of lág laun" yrði því að vinnast sem endurupptökumál með gjaldabreytingum hjá tveimur skattaðilum hverju sinni ef á annað borð yrði um breytingar að ræða, en hluti mála sem töluverður tími færi í gæfi ekkert af sér þar eð ekki tókst að sanna að endurgjaldið væri of lágt eða það reyndist vera í lagi. Að endingu má nefna að bæði 2. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 28. gr. þess þurfa að ná til maka eiganda. Ef ekki er nægilega skýrt í þessum frumvarpsgreinum að svo sé er nauðsynlegt að ráða bót á því. Sjá í þessu samhengi 2. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981, sem verður 4. mgr. ef frumvarpið verður samþykkt, en hún tekur á of hátt reiknuðu endurgjaldi makans.

Til þess að draga úr ójöfnuði sem þarna skapast mætti breyta 7. og 9. gr. laga nr. 75/1981 í þá veru að hluti þess sem skilgreint er sem arðstekjur í 1. mgr. 9. gr. teldist launatekjur.

### **Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.**

Oft er megintilgangurinn með stofnun einkahlutafélags sá að takmarka ábyrgð og skapa betri skilyrði til að komast hjá réttum skattgreiðslum; koma einkaútgjöldum til frádráttar og skapa skattahagræði með ýmisskonar fjármálagerningum við hlutafélagið. Af

Þessum sökum er ég ekki fylgjandi löggjöf sem yfir undir að menn leiti í þetta rekstrarform með þennan tilgang einan í huga. 27. gr. frumvarpsins, yrði hún að lögum, leiðir til þess að menn reyna að versla með yfirfæranlegt tap og hún gefur færi á að koma söluhagnaði í einstaklingsrekstri yfir í lægri skattprósentu jafnvel án þess að nokkur rekstur sé áformaður með stofnun einkahlutafélagsins. Þess ber þó að geta að hagnaður af slíkri tilfærslu er ekki jafn mikill og haldið hefur verið fram í opinberri umræðu þar sem taka verður tillit til þeirrar skattlagningar sem á sér stað þegar fjármununum er komið aftur yfir til einstaklingsins (10% skattur). Hafi menn slíkar tilfærslur eingöngu í huga ætti sameignarfélagsformið að vera þeim hagstæðara.

Virðingarfyllst,  
skattstjórinn í Reykjanesumdæmi,

*Sigmundur Stefánsson*

Sigmundur Stefánsson.

## Fylgiskjal - Upplýsingar úr landsframtali

	<u>Álag. 1985</u>	<u>Álag. 1986</u>	<u>Álag. 1987</u>	<u>Álag. 1988</u>	<u>Álag. 1989</u>	<u>Álag. 1990</u>	<u>Álag. 2001</u>
<b>Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur</b> (reitur 24 á framtali)	3.295.590.841	4.959.801.987	7.093.803.806	10.708.567.646	11.165.286.916	12.811.638.946	17.298.000.000
<b>Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri</b> (reitur 62 á framtali)	518.762.689	785.166.268	1.139.572.433	1.143.707.128	3.211.792.347	4.248.916.926	10.115.000.000
	15,74%	15,83%	16,06%	10,68%	28,77%	33,16%	58,47%